



Samtökin '78

Starfsskýrsla 2009 - 2010

Ársreikningur 2009

Fjölbreytni til framtíðar



SAMTÖKIN '78

Samtökin '78, félag hinsegin fólks á Íslandi eru hagsmuna- og baráttusamtök samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender fólks á Íslandi. Markmið félagsins er að lesbíur, hommar, tvíkynhneigðir og transgender fólk verði sýnilegt og viðurkennt og njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi.

Samtökin '78 reka menningar- og þjónustumiðstöð á Laugavegi 3 í Reykjavík, 4. hæð, sem er öllum opin. Félagið rekur einnig bókasafn sem er opið á skrifstofutíma og mánudagskvöldum og fimmtudagskvöldum kl. 20.00–23.00.

Samtökin '78
Laugavegi 3, 4. hæð
Sími 552 7878
www.samtokin78.is
skrifstofa@samtokin78.is

Efnisyfirlit

REKSTUR	4
FRÆÐSLA	6
RÁÐGJÖF	8
MENNINGAR- OG FÉLAGSMIÐSTÖÐ	10
VIÐBURÐIR	12
MANNRÉTTINDI	15
ÚTGÁFA	15
STARFSHÓPAR OG HINSEGIN FÉLÖG	16
ÁRSREIKNINGUR 2009	17

REKSTUR

Aðalfundur Samtakanna '78 var haldinn 14. mars 2009 í húsakynnum félagsins. Viðstaddir voru 29 félagar. Fylgt var dagskrá aðalfundar svo sem list er í félagslögum. Aðeins einn listi barst til stjórnarkjörs, og var hann sjálfkjörinn. Í stjórn og trúnaðarráð tóku sæti:

STJÓRN

Frosti Jónsson, formaður
Svanfríður Lárusdóttir, varaformaður
Guðrún Óskarsdóttir, gjaldkeri
Hilmar Magnússon, ritari
Elín Sveinsdóttir, meðstjórnandi
Haukur F. Hanneson, meðstjórnandi
Ragnar Ólason, meðstjórnandi

TRÚNAÐARRÁÐ

Anna K. Kristjánsdóttir,
Fríða Agnarsdóttir,
Guðrún Rögnvaldardóttir,
Haukur Árni Hjartarson,
Íris Ellenberger,
Jón Birgir Magnússon,
Kári Garðarsson,
Kolbrún Edda Sigurhansdóttir,
Rakel Snorraddóttir
Svavar G. Jónsson.

Skoðurnarmenn reikninga voru kjörnir Svavar G. Jónsson og Sigurjón Guðmundsson. Stjórnin fundaði 18 sinnum á starfsárinu. Stjórn og trúnaðarráð funduðu tvisvar á starfsárinu. Stjórn og trúnaðarráð héldu einnig fund skömmu eftir aðalfund þar sem starfsemi félagsins var rædd og farið var yfir verkefnin framundan.

Fjármál

Rekstrartekjur félagsins á árinu námu 16.424.586 en voru 21.099.202 árið 2008 sem er 22.2% lækkun milli ára. Rekstrargjöld voru 14.791.717 en voru 22.498.690 árið 2008 sem er 34.2% lækkun. Fasteignamat eignarinnar var um áramót 25.160.000 kr. sem er 5% lækkun frá fyrra ári. Brunabótamat er 42.300.000 og hækkar um 2% frá fyrra ári. Áhvilandi húsnæðisskuldir (langtímaskuldir) um áramót voru 12.618.649 og hafa hækkað um 5.2% frá fyrra ári. Skammtímaskuldir eru 1.003.943 en voru 957.001 árið 2008 og er það 4.9% hækkun milli ára. Eignir ársins 2009 eru 26.466.644 en voru árið 2008 27.271.960 eða 3% lægri.

BREYTT REKSTRARUMHVERFI

Árið 2008 urðu breytingar á tilhögun styrkja af hálfu hins opinbera á árinu og framlög ríkisins sameinuð í einn lið á fjárlögum. Áður höfðu framlög hins opinbera komið úr ýmsum áttum svo sem fjárlaganefnd, forsætisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Við bankahrun í október 2008 var ljóst að framlög ríkisins myndu dragast saman

og erfiðara yrði að afla styrkja hjá sveitarfélögum og einkafyrirtækjum. Þessu fylgir óhjákvæmilega óvissa sem taka verður tillit til í rekstri félagsins.

Framlag ríkisins til rekstrarársins 2009 skertist um 1.5 milljón milli ára og fór úr 8.000.000 í 6.500.000. Nú þegar er ljóst að framlag ríkisins skerðist enn meira á yfirstandandi ári (2010) og fer úr 6.500.000 í 5.200.000. Í heild hefur stuðningur ríkisins því dregist saman um 2.800.000 á 2 árum sem er stór biti fyrir lítið félag. Þá lá fyrir að samningur við Reykjavíkurborg um 2.000.000 króna framlag til að mæta kostnaði vegna stöðu fræðslustjóra yrði ekki endurnýjaður en hann rann út árið 2009. Engar breytingar urðu á þjónustusamningur félagsins við Reykjavíkurborg uppá 1.000.000 á ári. Félagið hefur einnig leitað eftir samstarfi við fyrirtæki og meðal annars gert samstarfssamning við Flugfélag Íslands og Iceland Express.

Stjórn félagsins var það ljóst strax í lok árs 2008 að breytt rekstrarumhverfi og fyrirsjáanlegt tekjufall kallaði á skjót viðbrögð. Mikilvægt var að bregðast við fyrirsjáanlegum breytingum strax svo fjárhagslegri stöðu félagsins yrði ekki stefnt í voða. Í því fólst meðal annars uppsögn fræðslufulltrúa enda ljóst að félagið hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til að halda úti heila stöðugildi miðað við breyttar forsendur og óvissu um framtíðartekjur félagsins. Mikil vinna hefur farið í að skoða rekstur félagsins með það að draga úr rekstrarkostnaði, ná fram hagræðingu þar sem það er mögulegt og auka yfirsýn. Sú vinna hefur klárlega skilað sér og mikilvægt að haldið verði áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið m.a. við gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana. Yfirsýn er nauðsynlegt svo hægt sé að bregðast við breyttum aðstæðum hverju sinni og taka upplýstari ákvarðanir. Þá hefur rekstur félagsins vaxið hratt á undanförunum árum sem kallar einnig á agaðri vinnubrögð. Með hliðsjón af þessu voru því samþykktar breytingar á félagslögum sem kveða á um að stjórn leggi fram og kynni fyrir félagsmönnum fjárhagsáætlun komandi árs á félagsfundum í nóvember ár hvert.

Starfsmannahald

Þann 1. júlí 2008 tók Lárus Ari Knútsson við starfi framkvæmdastjóra og gegnir hann því starfi í 100% starfshlutfalli. Verkefni sem framkvæmdastjóri sinnir lúta að daglegum rekstri þjónustu- og félagsmiðstöðvar og þjónustu við félagsmenn, fræðslumál, fjármálastjórn, innheimta og bókhald, uppgjör dansleikja og annarra viðburða, fjáröflun sem og almennt markaðs- og kynningarstarf. Framkvæmdastjóri situr einnig stjórnarfundum og er tengiliður félagsins við starfshópa sem starfa á vettvangi Samtakanna '78.

Haustið 2007 var Katrín Jónsdóttir ráðin í starf fræðslufulltrúa hjá félaginu. Hlutverk fræðslufulltrúa var að hafa umsjón með fræðslustarfi félagsins svo

sem jafningjafræðslu í skólum og fræðslu til fagstétta. Fræðslustjóra var einnig falið að annast gerð námsefnis, skrif bæklinga og annars kynningarefnis auk þess að taka þátt í öðrum verkefnum á sviði ráðgjafar og fræðslu. Af fjárhagsástandum var fræðslufulltrúi sagt upp störfum í febrúar 2009. Fræðslufulltrúi kærði uppsögnina til kæruneftar jafnréttismála, taldi uppsögn ólögmæta og að sér væri mismunandi á grundvelli kynferðis í launum á starfstímanum. Kæruneftnd úrskurðaði Samtökunum '78 í vil að öllu leiti og var málinu þar með lokið af hálfu félagsins. Kostnaður vegna þessa var hinsvegar umtalsverður eða tæp hálf milljón króna.

Á hverju ári fær félagið til liðs við sig lausráðna verktaka til að sinna afmörkuðum verkefnum fyrir félagið. Þrír ráðgjafar störfuðu fyrir félagið á starfsárinu en það voru þær Anni G. Haugen, Guðbjörg Ottósdóttir, Sigríður Birna Valsdóttir. Haukur Árni Hjartarson hafði umsjón með jafningjafræðslu. Á kaffistofu störfuðu Svavar G. Jónsson, Friða Agnarsdóttir og Baldvin Baldvinsson. Díana Ómel aðstoðaði við þríf og afgreiðslu á skrifstofu. Jón Sævar Baldvinsson, bókasafnsfræðingur, Ragna Sólveig Guðmundsdóttir og Þorvaldur Kristinsson höfðu umsjón með bókasafni ásamt sjálfboðaliðum og svo mætti áfram telja. Fjölmargir leggja félaginu einnig lið á hverju ári og er sjálfboðaliðastarf félaginu ómetanlegt. Stjórn félagsins kann öllum þeim sem starfað hafa í þágu félagsins á starfsárinu miklar þakkir fyrir.

Aðild að mannréttindahreyfingum

Samtökin '78 gerðust aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands árið 2001. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Fjórtán félög eiga aðild að skrifstofunni og er Hilmar Magnússon fulltrúi í stjórn fyrir hönd Samtakanna '78.

Samtökin '78 eru eitt elsta aðildarfélag ILGA – *International Gay and Lesbian Association* sem eru regnhlífasamtök félaga samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender fólks um allan heim. Um beina þátttöku í starfi þeirra var ekki að ræða.

Framkvæmdir


Ekki hefur verið ráðist í framkvæmdir á starfsárinu enda aðstæður lítt til þess fallnar. Þó verður ekki komist hjá því að fara í endurbætur á þaki húseignar og skipta um glugga. Húsnæðið liggur undir skemmdum og þarf að bregðast við því hið fyrsta. Þá hefur lengi hefur staðið til að ráðast í endurbætur á Regnbogasal og endurnýjun á húsgögnum en fjárráð hafa ekki leyft slíkar framkvæmdir.

Félagatal


Félagar sem greiddu félagsgjöld á árinu voru 441 og er það fækkun frá fyrra ári. Árið 2008 greiddu 558 félagsgjöld samkvæmt ársskýrslu (en þessi tala er trúlega of há) og árið 2007 greiddu 487 félagsgjöld. Fjöldi félaga á skrá er því miklu fleiri en þeir sem greiða félagsgjöld og vekur það upp spurningar um innheimtuhlutfall sem er alltof lágt. Fjöldi félaga á skrá hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Félagar á skrá í lok árs 2008 voru 727 en voru 869 í lok ársins 2009. Þessi fjölgun virðist þó ekki skila sér í innheimtu félagsgjalda en innheimtuhlutfallið, þ.e. þeir sem greiða félagsgjöldin, eru um 40%. Innheimtu félagsgjalda þarf því að taka fastari tökum þó erfitt árferði kunni að hafa áhrif. Félagsgjöld er mikilvæg tekjuöflun fyrir félagið. Með bættu innheimtuhlutfalli er hægt að skapa félaginu mikilvægar tekjur sem er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að styrkir frá hinu opinbera eru að dragast saman og óvissa er um framlag sveitarfélaga í náinni framtíð. Það mun því reyna meira á félagið að afla tekna sjálft meðal annars með félagsgjöldum.

Engar breytingar voru gerðar á félagsgjöldum en þeim var síðast breytt árið 2007. Almennt félagsgjald var 4.000 kr., 2.000 krónur fyrir lífeyrisþega og fólk 24 ára og yngri, 1.000 krónur fyrir félagar í ungmennahópi (19 ára og yngri) og 7.000 krónur fyrir þör í staðfestri samvist, hjónabandi eða skráðri sambúð. Þeir sem kjósa að styrkja félagið um 500 kr. eða meira á mánuði fá einnig sjálfkrafa aðild að félaginu ef þeir þess óska.

Fjöldi skráðra félaga eftir aldurshópum




Búseta skráðra félaga




Fræðsla á vegum félagsins skiptist í grófum dráttum í jafningjafræðslu í grunn- og framhaldsskólum annars vegar og hinsvegar fræðslu til fagfólks, einkum starfsfólks skóla svo sem til kennara, námsráðgjafa, skólasálfræðinga og skólahjúkrunafræðinga. Einnig hafa hópar nemenda frá Háskóla Íslands komið í heimsókn í Samtökin '78 og fengið kynningu á starfi félagsins og sögu hinsegin fólks á Íslandi.

Á starfsárinu (apríl 2009 til mars 2010) voru haldinir 45 fræðslufundir í grunnskólum og 16 í menntaskólum og er það töluvert fleiri fundir en árið áður og undanfarin ár. Þá voru 3 fundir haldnir fyrir fagfólk grunnskóla, þar af einn fundur með starfsfólki úr fjölmörgum skólum af höfuðborgarsvæðinu og 1 fundur var haldinn með nemendum af nokkrum deildum við Háskóla Íslands. Samtals gerir þetta 65 fundi á starfsárinu og er fjöldi þeirra vel yfir meðaltali undanfarinna ára.

Fræðslufundir 2003-2010



Fræðslufundir 2009-2010



Jafningjafræðsla

Eins og undanfarin ár hafa Samtökin '78 boðið upp á jafningjafræðslu fyrir nemendur á flestum skólastigum en flestir fundanna eru í efri bekkjum grunnskóla og í fræðisskólum. Á meðan fræðslustjóri starfaði á vettvangi félagsins hafði hann umsjón með skipulagi

jafningjafræðslunnar og naut til þess aðstoðar framkvæmdastjóra og félaga í ungmennahópi. Í september (2009) var Haukur Árni Hjartarson fenginn til liðs við félagið til að hafa umsjón með þessum hluta fræðslustarfs Samtakanna '78 og hefur hann sinnt því starfi með eindæmum vel. Haukur hefur áður haft viðveru á ungliðakvöldum í Samtökunum '78 og þekkir því vel til starfsemi ungliðahópsins og fyrirkomulagi fræðslunnar.

Hugmyndin að baki jafningjafræðslunnar er að nemendur fræðist af jafnöldrum sínum um hvernig það er að vera sam-, tvíkynhneigð eða transgender manneskja, hvað sé frábrugðið og hvað sé líkt með þeim og öðrum nemendum á svipuðu reki. Á fundunum er margvísleg þjónusta félagsins kynnt svo og saga réttindabaráttu samkynhneigðra og lagaleg staða þeirra í dag. Mest áhersla er þó lögð á hinn persónulega þátt frásagnarinnar þar sem jafningjar fræða jafningja um reynslu sína. Jafningjahópurinn er skipaður krökkum á aldrinum 18–24 ára sem fara í heimsóknir í efstu bekk grunnskóla, einkum 8. bekk til og með 10. Bekk og í framhaldsskóla. Á undanförunum árum hafa óskir um fundi af þessu tagi aukist jafnt og þétt og hefur þeim óskum verið svarað eftir bestu getu hverju sinni. Í mörgum skólum er það fastur liður að fá heimsóknir frá jafningjum Samtakanna '78.

Fræðsla til fagfólks

Óskir frá starfsfólki skóla um fræðslufundi hafa aukist undanfarin ár og hafa Samtökin '78 reynt að bregðast við þeim óskum eftir bestu getu. Meðal starfstétta sem fræðsla félagsins hefur einkum beinst að eru kennarar, hjúkrunarfræðingar, félagsráðgjafar, námsráðgjafar, sálfræðingar og skólahjúkrunarfræðingar. Lifandi umræða og fræðsla er ein af forsendum betra skólastarfs og bættri líðan nemenda. Samtökin '78 hafa átt farsælt samstarf við FAS og Menntasvið Reykjavíkur en samstarf þessara aðila hófst árið 2006 en Þróunarsjóður Menntasviðs Reykjavíkur styrkti verkefnið. Þá hefur félagið leitast við að gera þjónustusamninga við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni með það að markmiði að koma á samtali milli Samtakanna '78 við sveitarfélögin og opna dyrnar fyrir aukinni fræðslu á vettvangi þeirra og kynna þjónustu félagsins.

MENNTASVIÐ REYKJAVÍKUR

Samstarfsverkefni Foreldra og aðstandenda samkynhneigðra (FAS), Samtakanna '78 og Menntasviðs Reykjavíkur hófst árið 2006 og var verkefnið skilgreint til þriggja ára. Þegar því lauk formlega, þann 12. Mars 2009, með ráðstefnu fyrir náms- og starfsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðinga grunn- og framhaldsskóla, var það mat allra aðila að mikilvægt væri að halda verkefninu áfram. Áhugi væri mikill og nauðsynlegt að efla fræðslu til þessara hópa með það að markmiði að bæta skólastarfið. Félagið

fékk styrk síðla árs 2009 til verkefnis og tryggði þannig framgöngu þess þó í breyttri mynd enda forsendur aðrar. Félagið leitaði til Sigríðar Birnu Valsdóttur til að koma að verkefninu fyrir hönd Samtakanna '78 og tók hún því vel.

Þann 25. janúar hélt Sigríður Birna Valsdóttir námskeið á Menntasviði Reykjavíkurborgar. Námskeiðið var ætlað kennurum á öllum stigum grunnskólans og var yfirskriftin „hvernig á að kenna samkynhneigð?“ Sigríður Birna sýndi kennurum hvernig mætti aðlaga það efni sem til er að umræðu um hinsegin fólk. Einnig útbjó hún hugmyndir fyrir kennara út frá efni á vefnum www.redcross.is/efbara og út frá kaflanum um samkynhneigð í bókinni Hvað er málið?

Mikil áhersla var lögð á umræðu um mismunandi fjölskyldugerðir á yngstu stigum grunnskólans og skoðað á hvaða hátt væri best að nálgast þá umræðu. Einnig var lögð áhersla á nálgun í gegnum mannréttindafræðslu.

Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir að nemendur í 4. bekk geri sér grein fyrir mismunandi fjölskyldugerðum og stöðu einstaklinga innan þeirra. Þrátt fyrir það er ekkert aðgengilegt námsefni sem tekur á þessu og því þurfa kennarar að nota hugmyndaflugið og nálgast efnið á annan hátt. Ekki síst í ljósi þess að börnum samkynhneigðra mun fjölga mjög í skólakerfinu á næstu árum þá þarf að auka fræðslu til starfsfólks skóla. Í stað þess að einblína eingöngu á hugsanlega samkynhneigða nemendur í skólanum þá þarf að leggja áherslu á fjölskyldugerðir, virðingu og almenn mannréttindi. Í þessari fræðslu þarf að koma fram hvaða efni kennarar geta nýtt sér við kennsluna og hvar þeir geti aflað sér frekari upplýsingar.

SVEITARFÉLÖG

Til Samtakanna '78 leitar fólk úr öllum landsfjórðungum eftir fræðslu, ráðgjöf og annarri þjónustu. Félagið hefur lagt sig eftir því að ná eyrum sveitarfélaga og kynna þá starfsemi sem fer fram á vettvangi félagsins og þá þjónustu sem er í boði. Nokkur sveitarfélög hafa gert þjónustusamning við Samtökin '78 en markmiðið með slíkum samningum er að efla fræðslu sem beinst að starfsfólki sveitarfélaganna svo sem í skólum og innan stjórnsýslunnar, kynna ráðgjöf og sinna jafningjafræðslu. Samtökin '78 hafa komið á samstarfi við sex en það eru Hafnarfjarðarbær, Akraneskaupstaður, Árborg, Reykjanesbær, Seltjarnarnes auk Reykjavíkur. Reynslan af samstarfi við sveitarfélögin er hefur verið með ágætum en mannekla setur félaginu þó nokkrar skorður. Það er því afar mikilvægt að Samtökin '78 hafa nú sem áður frumkvæði að því að styrkja tengslin við sveitarfélög úti á landi.

PROGRESS VERKEFNI

Samtökin '78 tóku þátt í verkefninu „Evrópuár jafna tækifæra 2007“ en Félagsmálaráðuneytið hafði umsjón með því. Í framhaldi af því verkefni tóku Samtökin '78 þátt í s.k. Progress verkefni sem er samevrópskt verkefni og er hluti af Progress áætlun Evrópusambandsins sem mun standa

til ársins 2013. Progress verkefnið er samstarfsverkefni ýmissa félagasamtaka undir stjórn Mannréttindaskrifstofu en verkefnið gengur út á að athuga hugsanlega fordóma í garð ýmissa félagsþópa t.d. samkynhneigðra, fatlaðra, innflytjenda, mismunandi trúarbragðra, kvenna og fleiri hópa.

Framlag Samtakanna '78 var gerð vefsíðu á 4 tungumálum um réttarstöðu hinsegin fólks á Íslandi, á ensku, pólsku, litháísku og tailensku. Vefsíðan var opnuð í desember 2009 og var framlag félagsins til Progress verkefnisins. Áður hafa Samtökin '78 gefið út bæklinginn Reaching out sem fjallar um það sama en markmiðið er að auðvelda aðgengi hinsegin fólks sem ekki hefur íslensku að móðurmáli að upplýsingum um réttarstöðu sína á Íslandi. Vefinn má skoða á slóðinni www.samtokin78.is/reaching-out.

FRÆÐSLA TIL LÖGREGLU OG DÓMSTÓLA

Samtökin '78 fengu styrk frá dómsmálaráðuneytinu til fræðsluverkefnis fyrir starfsfólk lögreglu og dómstóla. Verkefninu er ætlað að mæta brýnni þörf á fræðslu til þessara stétta en henni er mjög svo ábótavant eins og staðan er núna. Haukur Hannesson, stjórnarmaður, hefur umsjón með verkefninu fyrir hönd Samtakanna '78. Innihald verkefnisins er tvíþætt, annars vegar útgáfa fræðslubæklinga og hins vegar námskeið sem fyrirhugað er að fari fram haustið 2010. Verkefnið hefur verið kynnt fyrir Stefáni Eiríkssyni lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu, Arnari Guðmundssyni skólastjóra lögregluskólans og Árna Sigmundssyni deildarstjóra grunnnámsdeildar, og hafa allir lýst yfir áhuga á því og vilja styðja framgang þess.

Fræðslubæklingurinn er þýddur úr sænsku. Bæklingurinn hefur verið notaður í Svíþjóð til fræðslu meðal lögreglumanna og annarra sem fást við afbrot sem beinast að samkynhneigðum, tvíkynhneigðum og transfólki. Áætlað er að dreifa bæklingnum til allra lögreglumanna og starfsfólks saksóknara og dómstóla á Íslandi. Þá er fyrirhugað að halda námskeið í samstarfi með lögregluskólanum næsta haust um ofangreint efni. Gert er ráð fyrir að hér sé um einn einstakan dag að ræða, u.þ.b. 2 klukkustundir.

Meðal fyrirlesara á námskeiðinu verður Anneli Svensson frá RFSL sem eru samtök hinsegin fólks í Svíþjóð, ásamt lögreglustjóranum í Stokkhólmi Carin Götblad (länspolismästare). Anneli Svensson hefur um langt árabil unnið að fræðslumálum meðal lögreglumanna og starfsfólks saksóknara og dómstóla í Svíþjóð. Carin Götblad hefur í starfi sínu sem lögreglustjóri í Stokkhólmi stutt veglega við þessa fræðslustarfsemi og hefur látið í ljós áhuga á að koma til Íslands til að veita þessu máli brautargengi hér.

Markmið ráðgjafar hjá Samtökunum 78 er að gefa fólki kost á viðtölum til að ræða sína stöðu, bæði út frá tilfinningalegum þáttum og einnig út frá ýmsu því sem snýr að réttindamálum. Boðið er upp á 1 – 3 viðtöl en ef talin er þörf á frekari meðferð er bent á aðra sérfræðinga utan Samtakanna '78. Hægt er að panta viðtal á skrifstofu Samtakanna '78. Ekki er greitt sérstaklega fyrir viðtölin en þjónustusamningur milli Samtakanna '78 og Reykjavíkurborgar hefur gert félaginu mögulegt að mæta kostnaði við ráðgjöf. Þá hafa önnur sveitarfélög nýtt sér þjónustuna og greitt fyrir samkvæmt þjónustusamningum sem gerðir hafa verið.

Guðbjörg Ottósdóttir og Anni G. Haugen félagsráðgjafar hafa sinnt ráðgjöfnni í nokkur ár en í upphafi árs 2009 bættist Sigríður Birna Valsdóttir leiklistarmedferðarfræðingur í hópinn en hún býr yfir mikilli reynslu af því að vinna með fjölskyldum, börnum og unglingum og tekur gjarnan að sér að sinna fjölskylduviðtölum sé þess óskað. Eftirspurn eftir viðtölum er jafnan nokkuð sveiflukennd og voru fleiri viðtöl árið 2009 en árið áður. Það er mat ráðgjafanna að það sveiflan endurspegli ekki þörfina því hún er sannarlega til staðar út í hinu almenna samfélagi. Við teljum hinsvegar að aðgengi að ráðgjöfnni sé ekki nægileg. Ráðgjöfin er hvergi auglýst nema á vef Samtakanna '78 og því er nauðsynlegt að breyta. Flestir sem leita ráðgjafar eru á aldrinum 20 – 50 ára og lítill munur er á fjölda karla og kvenna þó hlutfall kynjanna sveiflist stundum milli ára. Á undanförunum 9


árum hafa þó fleiri karlar leitað til ráðgjafa en konur.

MARGVÍSLEGAR ÁSTÆÐUR KOMU TIL RÁÐGJAJA


Helstu ástæður komu til ráðgjafa er vangaveltur í kringum það ferli að „koma út úr skápnum“ Einnig var eitthvað um að aðstandendur sem leituðu til ráðgjafa, svo sem mæður, fedur og systkini. Spurningarnar sem tengjast því að „koma út“ eru margvíslegar. Þær tengjast eigin sjálfsmynd, því hvernig og hverjum eigi að segja frá og spurningum um hvernig líf samkynhneigðra er. Hjá þeim konum og körlum sem eiga börn vaknar nær alltaf spurningin um hvort kynhneigðin eða breytt lífsmynstur muni hafa áhrif á börnin, hvernig og hvenær eigi að segja þeim frá, hvort rétt sé að ræða um þessi mál við kennara og aðra sem sinna börnunum o.s.frv. Margir veltu einnig fyrir sér hvar hægt er að hitta aðra samkynhneigða til að kynnast betur þessum „nýja“ heimi.

Öryggi varðandi kynhlutverk tengist oftast en ekki eigin fordómum og því hvernig hægt sé að taka á þeim. Margir vilja ræða um ólíkar hliðar málefna er tengjast börnum, bæði samskipti við börn maka, samskipti við skóla og félagslegt umhverfi barnanna og komu nýs maka inn á heimili barns. Þá vakna oft spurningar sem tengjast tæknifrjóvgun, ættleiðingu stjúp barna, réttindamálum kjörforeldra, spurningar vegna barnanna sjálfra og foreldra sem ekki fara með forsjá barna sinna. Þeir foreldrar sem koma til að ræða um málefni samkynhneigðra barna sinna eru oftast en ekki að velta fyrir sér á hvernig þeir geti best stutt börnin

Ástæður komu til ráðgjafa 2008-2009



Hverjir leita til ráðgjafa 2001-2009



Samkynhneigð ungmenni meta líkamlega og andlega heilsu lakari en gagnkynhneigðir jafnaldrar þeirra



Árið 2006 kynnti þáverandi heilbrigðisráðherra niðurstöður rannsóknar meðal íslenskra ungmenna í framhaldsskólum. Í rannsókninni kom fram marktækur munur milli samkynhneigðra ungmenna og gagnkynhneigðra jafnaldrar þeirra þegar spurt var um líkamlega og andlega heilsu en samkynhneigð ungmenni máttu hana talsvert lakari. Í rannsókninni kom einnig í ljós að samkynhneigð ungmenni leita ríflega helmingi oftast til geðlækna eða sálfræðinga en gagnkynhneigðir jafnaldrar þeirra.

Þessar niðurstöður eru að mörgu leiti í takt við aðrar sambærilegar rannsóknir. Það er að mörgu leiti jákvætt að samkynhneigð ungmenni skuli leita sér oftast aðstoðar en gagnkynhneigðir jafnaldrar til dæmis í ljósi þess að sjálfsvígstílaunir og sjálfsvíg meðal þessa hóps eru tvisvar til fimm sinnum algengari.

sín, um leið og þeir vilja kynnast frekar málefnum samkynhneigðra og fá skýrari mynd af því hvað bíður barnsins þeirra.


RÁÐGJÖFIN HEFUR FYRIR LÖNGU SANNAÐ GILDI SITT

Fyrir marga er viðtal hjá ráðgjafa fyrsta heimsókn þeirra í húsnæði Samtakanna. Viðkomandi er þá boðið að skoða húsnæðið betur eftir viðtalið og bent á að í bókasafninu er hægt að finna mikið efni um samkynhneigð. Greinilegt er að netið skiptir flesta þá er koma miklu máli, bæði til að leita sér upplýsinga og einnig til að komast í samband við aðra samkynhneigða. Framtíðarsýn ráðgjafarinnar er að á árinu 2010 verði ráðgjöfin sýnilegri í hinu almenna samfélagi. Við viljum sjá hana auglýsta á víðar en eingöngu á vefnum. Ráðgjöfin er sú eina síns eðlis hér á Íslandi og sú sérfræðipækking og reynsla sem byggst hefur upp á undanförunum árum nýtur mikillar virðingar á meðal hinna ýmsu fagstétta. Þar á meðal eru kennarar og námsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum, geðlæknar og sálfræðingar ásamt félagsráðgjöfum og ráðgjöfum í hinum ýmsu félagsamtökum í samfélaginu. Nú þegar þrír ráðgjafar starfa við ráðgjöfina eru væntingar til til þess að hægt verði að bjóða upp á fjölbreyttari þjónustu. Meðal annars er ætlunin að bjóða í auknum mæli uppá lokað hópastarf fyrir konur og vonumst við til þess að hægt verði að bjóða upp á frekari hópastarf á árinu og fyrir fjölbreyttari hóp.



Opið hús og gestakomur

Opið hús í félagsmiðstöð var hvert mánudags- og fimmtudagskvöld auk fastra funda starfshópa svo sem ungliðahóps, FAS, Q-félag hinsegin stúdenta, Trans-Ísland og AA. Fjöldi gesta á opnu húsi var um 2.500 eða rúmlega 200 að meðaltali í mánuði. Það er 7% fækkun frá árinu áður. Gestakomum hefur hinsvegar fjölgað aðra daga vikunnar sem verður að teljast jákvæð þróun og munar það miklu um opið hús á föstudögum á vegum Q og vel sótt ungliðakvöld á sunnudagskvöldum. Árið 2009 voru gestakomur aðra daga en mánudaga og fimmtudaga 1.082 en þær voru 879 árið 2008. Aðsókn að auglýstum viðburðum á Opnu húsi svo sem listsýningar, á fræðslufyrirlestra og hljómleika hefur yfirleitt verið góð og fer síst minnkandi. Gestakoma á öðrum tímum hefur hinsvegar dregist meira saman hverju sem þar er um að kenna. Nýting á húsnæði er þó alltaf jöfn árið um kring, meðal annars vegna hópastarfs, funda og annarrar þjónustu. Fjölmargir starfshópar hafa einnig nýtt sér aðstöðu Samtakanna '78 og nægir þar að nefna ungliðahreyfinguna sem stóðu fyrir opnu húsi sérhvern sunnudag og Q – félag hinsegin stúdenta sem komu aftur heim og halda nú flesta viðburði sína í húsakynum Samtakanna '78.



Viðburðir í félagsmiðstöð

Meðal viðburða í félagsmiðstöð á starfsárinu voru stjórnmalafundur, fræðslufundur Félags foreldra og aðstandenda (FAS), tónleikar, listsýningar, bókakvöld, Pub-Quiz, málstofur og fleira.

STJÓRNMALAFUNDUR

21. apríl var haldinn stjórnmalafundur í húsakynnum Samtakanna '78. Fulltrúar allra flokka að Lýðræðishreyfingunni undanskilinni mættu á staðinn, héldu stutta framsögu og svöruðu fyrirspurnum. Frá Sjálfstæðisflokknum kom Erla Ósk Ásgeirsdóttir, frá Frjálslyndum kom Helga Þórðardóttir, frá Vinstri Grænum kom Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, frá Samfylkingunni kom Helgi Hjörvar, frá Borgarahreyfingunni kom Valgeir Skagfjörð og frá Framsóknar-

flokknum kom Einar Skúlason. Um 30 manns sóttu fundinn sem var í senn málefnalegur og skemmtilegur. Svanfríður Lárusdóttir stýrði fundinum en í upphafi fundar fluttu Frosti Jónsson formaður Samtakanna '78 og Anna Jonna Ármannsdóttir formaður Trans-Ísland stutt erindi



Frá stjórnmalafundi í Samtökunum '78 21. apríl, 2009

þar sem tæpt var á stöðu hinsegin fólks í íslensku samfélagi og því fjölbreytta starfi sem fer fram á þeirra vettvangi. Meðal þeirra mála sem voru rædd var hjúskaparlöggjöfin, málefni transgender fólks, fræðslumál, ættleiðingar, breytingar á stjórnarskrá og margt fleira. Í máli allra frambjóðenda kom fram sú afstaða að rétt og eðlilegt sé að sameina hjúskaparlöggjöfina í eina í stað þeirrar tvískiptu löggjafar sem nú er. Þá voru málefni transgender fólks rædd en afar brýnt er að gera bragarbót á réttindum þessa hóps í íslensku samfélagi. Í umræðum var einnig vakin athygli á því hversu lítið virðist vera að finna um samkynhneigða á kosningavefum flokkanna þó ekki hafi fengist einhlít skýring á því hvers vegna svo er. Fundurinn þótti takast í alla staði mjög vel og undirstrikar mikilvægi þess að hinsegin fólk upplýsi samfélagið um réttar- og félagslega stöðu sína enda er það forsenda breytinga og afnáms misréttis gagnvart því.

TÓNLEIKAR

Tónlistarmaðurinn og leikarinn Thomaz Ransmyr hélt vel heppnaða tónleika í Regnbogasal Samtakanna '78 16. júlí. Thomaz Ransmyr er sænskur að uppruna en hefur starfað undanfarin ár í Hollandi. Hann hefur verið viðriðin tónlist frá 1991 og komið víða við á ferli sínum. Hann gaf út plötuna "If I Ever Die" árið 2006 en á henni syngur hann um dauðann frá ýmsum hliðum. Frekari upplýsingar um Thomaz er að finna á www.youtube.com/ransmyr og www.ransmyr.com. Haldin var ein listsýning í Regnbogasal Samtakanna.

LISTSÝNING

Listýning með verkum Friederike "Freddy" Hesselmann var

opnuð 24. September. Á opnunarkvöldinu kynnti Freddy myndir sínar og útskýrði hvernig þær gegndu hlutverki sviðsmyndar á leiksýningu sem haldin var í Gautaborg í fyrra. Á opnun sýningarinnar hélt leikstjóri þeirrar sýningar, Johanna Ljunggren, enn fremur stutt erindi með



OPNI SAMTAKADAGURINN

aðstoð tölvutækninnar. Fyrirhuguð er ný sýning á verkum Freddy nú á sumarmánuðum. Opni Samtakadagurinn var að þessu sinni sameinaður trúnaðar-ráðsfundi sem haldinn var í félagsheimili Samtakanna '78 þann 3. október. Þá var boðað til félagsfundar þann 7. Nóvember samkvæmt nýjum lögum félagsins en á fundinum voru drög að fjárhagsáætlun ársins 2010 kynnt.

JÓLABÓKAKVÖLD

Jólabókakvöld var haldið í desember þar sem höfundar komu og lásu upp úr verkum sínum. Fram komu þau Árni Heimir Ingólfsson, Kristín Ómarsdóttir, Ragnar Blöndal, Guðjón R. Jónasson og Jónína Leósdóttir og lásu þau upp úr verkum sínum. Enn fremur var lesið upp úr nýút-komnum verkum Ingunnar Snædal og Lilju Sigurðardóttur.

Bókasafn

Bókasafn félagsins var sem fyrr opið á mánudögum og fimmtudögum kl. 20–23. Einnig sinnti framkvæmdastjóri þeim gestum sem óskuðu útlána síðdegis alla virka daga. Þá er safnið opið á sunnudagskvöldum til útlána fyrir ungt fólk sem þá hittist í félagsmiðstöðinni. Safnið bauð því upp á þjónustu við gesti í u.þ.b. 30 tíma á í viku árið 2009. Safnkosturinn er allur skráður á gagnagrunninn Gegni og aðgengilegur á Netinu. Alls tóku níu félagar vaktir í sjálfböðavinnu, en alla skráningu og samskipti við Landskerfi bókasafna annaðist Jón Sævar Baldvinsson bókasafnsfræðingur. Vinnuframlag sjálfböðaliða í safnavinnu á liðnu ári nam alls um 2.9 verk-mánuðum ef frá er talin þjónusta við gesti síðdegis virka daga.


Heildareign safnsins var á áramótum 4718 gögn. Eignir bókasafnsins umfram afskriftir jukust um 92 gögn (248 árið 2008); bóka- og tímaritakostur jókst um 68 titla (188 árið 2008; 165 árið 2007), en mynddiskum fjölgaði um 24 titla (60 árið 2008; 41 árið 2007). Átta tímarit berast safni- nu ókeypis en þrjú í innkaupum. Nemendur sækja sem fyrr aðstoð til safnsins við ritgerðaskrif, en flestum fram-halds skóla nemendum er vísað á greinasafn á vefsíðu fé-lagsins. Háskólastúdentar og fræðafólk nýta hins vegar

safnið í tengslum við nám í hinsegin fræðum, hjúkrunar-fræði, lögfræði, félagsráðgjöf, kennslufræði og fleiri grein- um í háskólum landsins, og hefur sú þjónusta vaxið árlega. Heildarútlán safnsins námu 720 titlum (1026 árið 2008) og nemur samdráttur útlána 29.8% frá fyrra ári (9.3% samdrát- tur árið 2008 og 4.4% samdráttur árið 2007). Bækur voru 35% af útlánnum og kvikmyndaefni 65% (37% og 63% árið 2008). Á tímabilinu 1999–2005 var útlánaaukning um 3–7% milli ára, næstu þrjú ár var samdráttur um 5–10% milli ára, uns safnið mætti 30% samdrætti árið 2008.

Um árabíl var samdráttur í takt við það sem birtist á íslen- skum almenningubókasöfnum allt frá árinu 2003 og talið er tengjast því að almenningubókasöfn eiga erfiðara uppdrátt- ar þegar þensla er í hagkerfi og kaupgeta mikil. Einnig er það mat safnvarða að möguleikar á að sækja myndefni á Netið og erlendar sjónvarpsstöðvar hafi haft nokkur áhrif á sókn í þjónustu félagsins. Samdráttur útlána á liðnu ári verður þó varla skýrður með öðru en litlum innkaupum, sem helgast af ríkjandi efnahagskreppu með tvöföldun á verði erlends efnis, svo og færri dagskrárbodum á opnunar- kvöldum í félagsmiðstöð en áður, en samhengi hefur löng- um verið á milli útlána og þessara tveggja þátta. Eigi safnið að ná betri árangri þarf að huga að þessum tveimur þátt- um á næstu misserum, ekki síst auknum innkaupum, og leita þar styrktaraðila. Til að meta árangur starfseminnar er jafn-framt mikilvægt að hafa til hliðsjónar þau viðmið að það telst góður árangur í rekstri bókasafna með sérhæft efni ef árleg útlán nema um 20–25% af heildarsafnkosti. Árið 2009 var þetta hlutfall um 16% í safni Samtakanna '78.

Á síðustu árum hefur markvisst verið reynt er að gæta jafnvægis í kaupum á myndefni fyrir konur og karla þó að úrvalið á markaði sé margfalt meira af efni sem talið er höfða til karla. Hlutfall kvikmynda í safnkost- inum er sem fyrr um 60% karlar og 40% konur hvað skráða tilhöfðun varðar í leitarorðum. Þá er árlega unnið að því að þetta ákveðna efnisflokkar hvað fræðirit varðar.

Heildareign bókasafns og útlán



Fundir trúnaðarráðs

Trúnaðaráðsfundir fóru fram tvisvar á síðastliðnu ári. Fyrri fundurinn var haldinn í safnaðarheimili Laugarneskirkju. Fundinn sátu auk stjórnar og trúnaðarráðs fulltrúar hinna ýmsu félaga sem starfa á vettvangi hinsegin fólks á Íslandi (en sumir þeirra sátu einnig í trúnaðarráði) svo sem frá Hinsegin dögum, KMK og Les Jungles, HIV-Ísland, Q-félag hinsegin stúdenta, Trans-Ísland, MSC Ísland og FAS – félag foreldra og aðstandenda samkynhneigðra.

Þessum kvöldum og markmiðið að halda þeim áfram næsta haust. Meðalfyrirlesara voru Þorvaldur kristinsson sem fjallaði um „Hið gagnkynhneigða regluverk“ og Íris Ellenberger sem fjallaði um mannréttindabaráttu samkynhneigðra á heimsvísu.

AFMÆLISHÁTÍÐ 27. JÚNÍ

Þann 27. júní buðu Samtökin '78 til hátíðardagskrár í fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal. Kynnar voru Hilmar Magnússon og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir og



Trúnaðarráðsfundur Samtakanna '78 sem fram fór í safnaðarheimili Laugarneskirkju

FRAMTÍÐARSÝN OG VERKEFNIN FRAMUNDAN

Á fundinum var framtíð félagsins rædd frá ýmsum hliðum en fundurinn var framhald af stefnumótunarfundi sem fram fór í byrjun síðasta árs. Samtökin '78 standa á tímamótum meðal annars í ljósi breyttrar lagalegrar stöðu samkynhneigðra á Íslandi. Það er því mikilvægt nú sem endranær að félagið endurmeti stöðu sína og hlutverk til framtíðar. Á fundinum í maí var sú skoðun rædd sem gjarnan heyrir að þar sem laga-legum réttindum hafi verið náð að fullu þá sé baráttunni þar með lokið. Fundarmenn voru hinsvegar allir sammála um það að huga þarf að fjölmörgum verkefnum enda félagsleg staða ekki tryggð með lögum einum og sér. Þá er staða transgender fólks á Íslandi afar óljós enda engin heilsteyp löggjöf til sem taki á málefnum þessa hóps eins og víða í nágrannalöndum okkar og því þarf að breyta. Fundurinn þótti takast afar vel í alla staði en um leið er ljóst að mikið verkefni er framundan. Lifandi grasrót er forsenda stefnumótunarvinnu af þessu tagi og að Samtökin '78 geti ljáð hinsegin fólki rödd og tryggt fjölbreytni til framtíðar. Síðari trúnaðarráðsfundur ársins var haldinn í Regnbogsal Samtakanna síðastliðið haust. Þar fór fram stöðutaka á stefnumótunarvinnu Samtakanna'78 auk þess sem starfsemi samsatrfsfélaga var kynnt. Svanfríður Lárusdóttur umsjón með hringborðsumræðum í húsnæðnum Samtakanna '78. Góður rómur var gerður að

skemmtu Felix Bergsson og Haffi Haff gestum á meðan þeir gæddu sér á gómsætum pylsum sem voru grillaðar á staðnum. Mannréttindaviðurkenning Samtakanna '78 voru afhent í 3 sinn og hlutu verðlaunin Birna Þórðardóttir, Fríkirkjan og Heimir Már Pétursson.

DANSLEIKIR

Samtökin '78 stóðu fyrir 4 dansleikjum á árinu, ýmist ein og sér eða í samstarfi við aðra. Dansleikirnir fóru fram á Barböru og Batteríinu. Aðsókn var yfirleitt góð ef undan er skilið ball í október á Batteríinu. Það er ljóst að erfitt er að halda ball á jafnstórum stað og Batteríið er. Af þessum sökum var tekin sú stefna að halda dansleiki Samtakanna fremur í minna húsnæði að undanskildu því að áramótaball Samtakanna þarf ávallt að halda í stóru húsnæði. Nóvember dansleikur Samtakanna'78 var hins vegar vel heppnaður og Bjarni töframaður skemmti gestum eins og honum einum er lagið. Jólaball Samtakanna var einnig haldið á Barböru og hafa líklega aldrei verið samankomnir jafn margir á staðnum. Stemningin var frábær og eiga Glimmer stelpur stærstan hlut í því, enda fóru þær á kostum þetta kvöld. Áramótadansleikur Samtakanna '78 fór fram á Batteríinu og var fullt út úr dyrum. Friðrik Ómar tók lagið ásamt því að Hafsteinn Þórólfsson söng hið ómóttstæðilega „Ég er eins og ég er“ þegar stemningin var við það að sjóða uppúr. Einvalalið skífuþeytara sá um að skemmta ges-

tum á ballinu: DJ Dramatík (Ísar Logi Arnarsson), DJ Shallow & DJ Superficial (Elín Ey & Sóley Kristjánsdóttir), DJ Manny (Manny Santiago), DJ Pitti (Pétur Björgvin Sveinsson), DJ Fun Bear (Thomas Banakas) og DJ Ingz. Samtökin '78 þakka öllum þeim listamönnum sem fram koma bestu þakkir, enda gáfu þeir allir vinnu sína.

JÓLABINGÓ

Jólabingó Samtakanna '78 var haldið í Bingóhöllinni í Skipholti og var það stærsta jólabingó félagsins fram til þessa.



Heimir Már Pétursson, Birna Þórðardóttir og Fríkirkjan hlutu Mannréttindaverðlaun Samtakanna '78

Um 350 bingóspilarar mættu til leiks og skemmtu sér vel. Jólabingó Samtakanna '78 er mikilvæg fjárfélagarleið fyrir félagið og var áægjulegt að sjá hversu góð mætingin var. Bingóstjórn var í öruggum höndum Ragnhildar Sverrisdóttur og Sigurborg Daðadóttir. Jón Þór Þorleifsson, Lárus Ari Knúttson og Guðrún Óskarsdóttir höfðu veg og vanda að skipulagningu og kann félagið þeim miklar þakkir fyrir. Fjöldmörg fyrirtæki gáfu vinninga og var heildarverðmæti vinninga var vel á aðra milljón og fóru nokkrir heppnir bingóspilarar heim með mikinn stafla af veglegum vinningum. Þetta hefði auðvitað aldrei verið hægt án þeirra fjölmörgu fyrirtækja og einstakling sem lögðu okkur til vinninga af rausnarskap sínum. Þessir aðilar eru: Iceland Express, Gistiheimilið Volosvej, NTC, Sögur bókaútgáfa, Barbara, Vodafone, Ferðaþjónustan í Munaðarnesi, Forlagið, JPV, Opna, Salka, Birtingur, Bjartur, Veröld, Securitas, veitingahúsið Einar Ben, Potturinn og pannan við Skólalábrú, Lyf heilsa, Kristín Ýr og BMV, Húmarhúsið, 101 Skjöldur, Iða, Bókabúð Máls og menningar, Jómfrúin, G-Star, Senter hársnyrtistofa, Mótor, Draggkeppni Íslands, Jólatréssalan Landakoti, World Class, Hreyfing, Frumherji, Hapdrætti Háskólans, Kringlukráin, Pisa Ristorante, Efnalaugin Björg, Ecco, SS, Heilsuakademían, Yantra, Olís, Oddi, Safalinn, Sigríður Beinteinsdóttir, A-4, Kaffifélagið, Elín júlíana Sveinsdóttir, Borgarleikhúsið, Sigurjón Guð-

mundsson, Frosti Jónsson, Filmus, Bravo, Viggó og Víoletta, Elding, Hilmar Magnússon, Felix Bergsson, Núðluskálin, Við Tjörnina, Krumma Films og Kimi Records.

JÓLATRÉSSKEMMTUN

Jólatrésskemmtun Samtakanna '78 var haldið í safnaðarheimili Laugarneskirkju þann 19. Desember. Mæting á skemmtunina var mjög góð. Þetta var í annað skiptið sem jólatrésskemmtun var haldin í Laugarneskirkju og er ljóst að skemmtunin er komin til að vera.

STARF UNGLIÐAHÓPS

Starf Ungliðahópsins er fjölbreytt og metnaðarfullt að vanda. Allt sem fram fer á vettvangi hópsins er áfengis- og vímuefnalaust. Hópurinn samanstendur af samkynhneigðum, tvíkynhneigðum og transgender ungmennum sem flest eru á aldrinum 14-20 ára. Meðal þess sem hópurinn stóð fyrir á starfsárinu er twister mót, sem er ótrúlega vinsælt og skemmtileg upplifun að verða vitni að, náttfatapartý, perló, piparkökuskryeting, útileiga í Varmaland, skautar og svo hefur hópurinn verið að hittast til að spila fótbolta einu sinni í viku utan sunnudaga svo eitthvað sé nefnt. Hópurinn fær til sín á hverju ári fyrirlesara og meðal þeirra sem komu í heimsókn voru fyrirlesarar frá HIV-Ísland, AFS, Rauðakrossinum og fleirum. Hópurinn fór í Keiluhöllina og skemmtu sér konunglega í keilu, einnig hélt hópurinn einn fund í kjallara Kaffi Rót þar sem sköpuð var róleg sófastemning. Í sumar fór hópurinn í ævintýrlega útilegu, en í henni var farið í sund, fjallgönguferð (var bara lítill hóll en hópurinn var samt mjög stoltur), grillað og um kvöldið var spilað varúlfaspil. Einnig var mjög skemmtilegt að setjast hring í kringum Regnbogafánann og votta honum virðingu okkar, auk þess að komast að því fyrir hvað hann stendur. Ungliðarnir hafa farið í sumarbúðir og síðasta sumar voru sumarbúðirnar haldnar í Noregi og fóru nokkrir krakkar frá Íslandi í þær sumarbúðir. Núna stendur yfir undirbúningur í sumarbúðir í Þýskalandi. Sumarbúðir sem þessar eru mjög mikilvægar fyrir ungt fólk samtakanna 78. Ungu fólkið fær sterkari sjálfsmynd, vitundarvakning þeirra verður sterkari og baráttukenndin fyrir sínum rétti styrkt. Hópurinn tók að sjálfsögðu þátt í Gay Pride og fengu lánaðan bíl frá Toyota, þemað var sjónvarpspersónur og gekk hópurinn skreyttur niður laugavegin. Með frábærri samvinnu allra ungliðanna og tókst hópnum að hafa eitt „flottasta“ atriðið. Vill hópurinn nota tækifærið og þakka Toyota fyrir lánið á bílnum og öllum sem veittu okkur aðstoð. Í vetur er stefnt á að gera ótrúlega margt. Ætlunin er að fara í laser tag, fara í leikhús, halda annað náttfatapartý og hafa opið kvöld til að gera öllum kleyft að kynnast hópnum. Stefnt er á að fá HIV-Ísland til þess að koma í heimsókn og halda fyrirlestur fyrir ungliðahópinn og helst einhverja fleiri skemmtilega! Hver vill koma og fræða hópinn um eitthvað skemmtilegt? Margt fleira mætti nefna.



Haffi Haff



Viggó og Víóletta



Sigurborg og Ragnhildur



Jólabingó Samtakanna '78



Thomaz Ransmyr

Viggó og Víóletta glöddu þátttakendur á trúnaðarráðsfunði Samtakanna '78 í Safnaðarheimili Laugarneskirkju. Haffi Haff skemmti gestum á afmælishátíðinni 27. júní í Fjölskyldu og húsdýragarðinum og vakti mikla aðdáun viðstaddra. Thomaz Ransmyr hélt tónleika í Regnbogasal í júlí. Jólabingó Samtakanna '78 fór fram í Bingóhöllinni í Reykjavík og var fjölsótt. Sigurborg Daðadóttir og Ragnhildur Sverrisdóttir stjórnðu bingóinu og sáu til þess að allar tölur skiluðu sér rétt úr bingótölvunni.

Þær samfélagsbreytingar sem hafa orðið á undanförunum 30 árum gerbreytt hafa lagalegri og félagslegri stöðu homma og lesbía í íslensku samfélagi kalla á endurmat á hlutverki Samtakanna '78. Áherslur mótask af því umhverfi sem félagið starfar í og sá mikli tími sem hefur farið í að leiðrétta lagalega stöðu homma og lesbía hefur e.t.v. komið niður á starfi félagsins á öðrum sviðum og þjónustu félagsins gagnvart hinum almenna félagsmanni sem og öðru fólki sem til félagsins leitar. Þá er mikið verk óunnið í málefnum transgender fólks á Íslandi enda lagaleg staða þessa hóps í tómarúmi. Í ljósi alls þessa var tímabært að að endurskoða meðal annars lög félagsins sem og stefnu þess og hefur verið lögð áhersla á þessa vinnu á undanförunum 2 árum.

HJÚSKAPARLÖGGJÖFIN

Samtökin '78 hafa í ræðu og riti lagt áherslu á að rökrétt framhald af þeim lagalegum framförum sem orðið hafa á réttarstöðu samkynhneigðra sé að sameina hjúskaparlöggjöfina í eina heilsteypta hjúskaparlöggjöf sem gildi fyrir alla. Lögin um staðfesta samvist sem tóku gildi 1996 voru á sínum tíma stórt skref í þá átt að bæta réttarstöðu samkynhneigðra en þau voru því miður ekki án takmarkana. Lögin sem tóku gildi árið 2006 eyddu hinsvegar að mestu lagalegri mismunun gagnvart samkynhneigðum þróum í staðfestri samvist en eftir stóð m.a. réttur forstöðumanna trúfélaga til að staðfesta samvist. Lögin sem tóku gildi í júní 2008 veittu forstöðumönnum trúfélaga heimild til að staðfesta samvist en eftir stendur að hér á landi eru í gildi tveir lagabálkar varðandi hjúskap, annarsvegar lög um hjúskap karls og konu og svo löggjöfin um staðfesta samvist. Þar sem enginn munur er á réttarstöðu gagnkynhneigðra hjóna og samkynhneigðra para í staðfestri samvist er ekkert sem réttlætir það að hjúskaparstofnum grundvallist á tveimur lagabálkum. Þessu þarf nauðsynlega að breyta og standa væntingar okkar til þess að svo verði áður en langt um líður. Ragna Árnadóttir, dóms- og mannréttinda-ráðherra, hefur gefið það út að innan ráðuneytis hennar sé unnið að setningu einna laga sem gilda eiga um hjúskap, jafnt gagnkynhneigðra og samkynhneigðra. Ennfremur hefur komið fram í máli hennar að samræming löggjafar sé brýn réttarbót sem stefnt sé að fullum fetum. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að stefna beri að setningu einna hjúskaparlaga. Unnið sé að því í ráðuneytinu en að mörgu þurfi að huga og engu hægt að slá föstu hvað varðar dagsetningar. Mikilvægt er að þessu máli sé fylgt eftir svo setning einna hjúskaparlaga verði að veruleika.

RÉTTARSTAÐA TRANSGENDER FÓLKS

Réttarstaða og félagsleg staða transgender fólks á Íslandi er ennþá afar veik og óljós. Jákvæð teikn eru þó á lofti varðandi breytingar á lagalegri stöðu þessa hóps. Á haustdögum lögðu átta þingmenn allra flokka fram á Alþingi þingsályktunartillögu um fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að gera tillögu að úrbótum á stöðu transgender fólks

á Íslandi. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingflokksformaður VG og meðlimur í trúnaðarráði Samtakanna '78, var fyrsti flutningsmaður tillögunnar. Réttarstaða transfólks á Íslandi er bæði veik og óljós og engin sérstök lög gildi um málefni þessa hóps líkt og í nágrannalöndunum. „Þannig er m.a. ýmislegt óljóst þegar kemur að meðhöndlun transfólks innan heilbrigðisgeirans og umboð og réttarstaða þegar kemur að læknisfræðilegri meðferð eru óskýr. Þá er og ýmislegt óljóst þegar kemur að óskoruðum rétti transgender einstaklinga til að óska eftir breytingu á skráningu nafns og kyns í þjóðskrá. Einstaklingur sem lifir í nýju kynhlutverki getur ekki fengið nafni sínu breytt nema hafa gengist undir aðgerð til leiðréttingar á kyni, jafnvel þótt einungis hluti transfólks gangist undir slíka aðgerð,” segir í greinargerðinni sem fylgir þingsályktunartillögunni.

VERNDARVÆTTIRNAR

Verndarvættirnar eru samstarfsvettvangur félaga í Amnesty International og Samtökunum '78 um aðgerðir í málefnum er varða mannréttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender fólks. Minna fór fyrir starfi Verndarvættanna á starfsárinu en oft áður, má þar mest um kenna að tíma þeirra sem dregið hafa vagninn hefur verið takmarkaður. Íris Ellenberger og Hilmar Magnússon hafa þó staðið vaktina og vakið athygli á mannréttindabrotum gagnvart hinsegin fólki víða um heim, svo sem Uganda, Malaví, Íran og víðar. Þá tók Íris Ellenberger þátt í málstofu sem haldin var 18. mars á vegum Afríka 20:20 um löggjöf gegn samkynhneigðum í Uganda og sat fundinn fyrir hönd Samtakanna '78. Mikilvægt er að Samtökin '78 haldi áfram að upplýsa fólk, ekki síst stjórnmalamenn, um stöðu hinsegin fólks víða um heim en því miður er mannréttindum alltof víða ábótavant í þeim efnum. Það á að vera hlutverk íslenskra stjórnmalamanna að tala fyrir mannréttindum hvar sem þeir fara og veita engann afslátt í þeim efnum.

Útgáfa og fjölmiðlun

Ekkert fréttabréf var gefið út á starfsárinu og voru ástæður einkum efnahagslegar. Þess í stað var meiri áhersla lögð á vefsíðu félagsins. Ný vefsíða fór í loftið í lok mars 2009. Mikil vinna var lögð í undirbúning svo sem þarfa- og viðmótsgreiningu með áherslu á þarfir notenda. Meðal nýjunga á nýjum vef er bætt aðgengi að útgefnu efni svo sem fréttabréfi, bæklingum og ársskýrslum, efni greina og pistla eru rakin saman fyrir notendur sem auðveldar þeim að finna greinar sem fjalla um skyld efni, auk þess sem nýir möguleikar gera notendum kleyft að leita svara við fjölmörgum spurningum eftirefnisflokkum. Frosti Jónsson sá um gerð síðunnar. Vefur félagsins gegnir afar mikilvægu hlutverki og því afar nauðsynlegt að efni hennar sé vel viðhaldið og aðgengi að upplýsingum gott. Um 2.000 heimsækja vefinn mánaðarlega.

Samkvæmt félagslögum er hverjum félaga frjálst að stofna hópa um hugðarefni sín og á hverjum vetri starfa fastir hópar félaga um ýmis málefni. Samtökin '78 líta á það sem eitt af hlutverkum sínum að leggja slíku hópastarfi lið og gildir þá einu hvort um er að ræða algjörlega sjálfstæða hópa með eigin stjórn, eða þá sem beinlínis starfa innan vébanda félagsins. Njóta þeir sem það kjósa fyrirgreiðslu varðandi aðstöðu í félagsmiðstöð og kynningar á heimasíðu, í fréttabréfi og á póstlista. Margt af þessari starfssemi blómstrar og eflist jafnt og þétt, en í öðrum tilvikum er áhuginn minni enda stendur starfsemin og fellur með framtaki sjálfbóðaliða.

UNGLIÐAHÓPUR

Hópurinn hittist hvert sunnudagskvöld í félagsheimilinu að Laugavegi 3. Aðsóknin var vaxandi allt árið og var fjölbreytt starf í gangi. Að jafnaði mættu 25 – 30 ungmenni á aldrinum 15 – 20 ára. Aukinn sýnileiki ungs samkynhneigðs fólks, svo sem í tenglum við Hinsegin daga, og vegna aukinna vinsælda skólafunda, hefur á undanförnum árum fest ungliðahópurinn í sessi sem eina af félagsmiðstöðvum borgarinnar. Haukur Árni Hjartarson fræðslufulltrúi Samtakanna '78 fer með umsjón hópsins ásamt stjórn ungliða sem skipuð er krökkum úr hópnum sjálfum. Af starfinu má nefna námskeið í framkomu og framsögn, kynfræðslukvöld, foreldrakvöld, bío- og keiluferðir, skemmtikvöld og þátttaka í ungmennaráðstefnum.

VERNDARVÆTTIRNAR

Hópurinn er samstarfsvettvangur félaga úr Samtökunum '78 og Amnesty International á Íslandi. Hann hefur það að markmiði að berjast fyrir bættri lagalegri og félagslegri stöðu hinsegin fólks um víða veröld og vekja athygli á mannréttindabrotum sem samkynhneigðir, tvíkynhneigðir og transgender fólk sætir. Hópurinn hefur unnið að stefnumótun á sviði alþjóðlegs mannréttindastarfs Samtakanna '78 og haldið fjölmarga fundi og tekið þátt í kynningum á vettvangi félagsins. Tveir fulltrúar hópsins héldu til Riga í Lettlandi í lok maí. Tilgangur ferðarinnar var þátttaka í Riga Pride göngunni sem ætlað er að vekja athygli á réttindabaráttu STT-fólks í Lettlandi og hefur gangan því sætt hörðum mótmælum og jafnvel árásum. Hópurinn tók einnig þátt í göngu Hinsegin daga og drefði aðgerðakortum þar sem handhafar voru hvattir til að skrifa yfirvöldum í Lettlandi og fara fram á að mannréttindi STT-fólks séu virt þar í landi.

SAMKYNHNEIGÐIR FORELDRAR

Þann 27. Febrúar var Félag samkynhneigðra foreldra stofnað en tilgangur félagsins er að leggja grunn að skemmtilegu félagsstarfi þar sem sam- og tvíkynhneigðir forleddrar og börn þeirra geta átt góðar og uppbyggilegar stundir, fengið stuðning hvort frá öðru. Guðrún Óskarsdóttir er aðal hvatakonan að stofnun félagsins og er fyrirhugað að félagið tengist Samtökunum '78 skv. sem hagsmunafélag eins og list er í félagslögum. Formaður félagsins er Rakel Sölvadóttir.

HILDI

HILDI er félag heyrnarskertra samkynhneigðra og hittist hópurinn reglulega í heimahúsum og skipuleggur 1-2 ferðir á ári. HILDI hópurinn stóð fyrir alþjóðlegri ráðstefnu í lok árs 2009 og voru um 25 íslenskir og erlendir þátttakendur í ráðstefnunni. Ráðstefnan tókst vel og gerðu erlendir gestir góðan róm af skipulagningu HILDI hópsins.

AA-DEILD

AA-deild samkynhneigðra og tvíkynhneigðra hefur komið saman í Regnbogasal hvert þriðjudagskvöld frá 1987, en deildin á sér lengra og samfelldara líf en nokkur annar hópur sem hittist á vettvangi Samtakanna. Starfið er að öllu leyti óháð starfi Samtakanna '78 en nýtir sér húsnaði félagsins gegn vægri húsaleigu. AA-deild samkynhneigðra hittist einnig hvern sunnudag í Gula húsinu í Tjarnargötu 20. Á haustmánuðum lögðust þriðjudagsfundir AA deildarinnar í dvala en vonir standa til þess að fundirnir hefjist aftur á sumarmánuðum. Samkynhneigðir sækja þó enn fundi sem fram fara í Gula húsinu á Tjarnargötu sérhvern sunnudag kl. 13.00.

ÁST

Starfsemi ÁST - Áhugahóps samkynhneigðra um trúarlíf lá að mestu niðri á starfsárinu, en í samvinnu við Hinsegin daga í Reykjavík efndi hópurinn til regnbogamessu í Háteigskirkju við lok hátíðar Hinsegin daga í ágúst og var hún ágætlega sótt. Þar predikaði Helga Guðmundsdóttir guðfræðingur og Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir, sr. Toshiki Toma og sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir þjónuðu fyrir altari.

TRANS ÍSLAND

Félagið Trans-Ísland var formlega stofnað þann 15. febrúar 2007. Félagið er ætlað fólki sem er í óhefðbundinni stöðu með kyn sitt. Það óhefðbundna getur falist í kynátun, kynhneigð, litningum, hormónajafnvægi, kynhlutverki, félagslegu kyni, skurðaðgerðum er varða kynið, og öðru því er varðar kyn á einhvern hátt. Hópurinn, sem starfar undir regnhlíf Samtakanna '78, hittist fyrsta mið-vikudag í mánuði í Regnbogasalnum auk þess sem haldin voru tvö skemmtikvöld. Hópurinn vann að söfnun bóka um málefni transgender fólks og er ætlunin að gefa þær bókasafni Samtakanna '78 til varðveislu og útlána. Félagið gefur reglulega út rafrænt fréttabréf á slóðinni <http://groups.google.com/group/trans-is-frettabref>.

FAS - FÉLAG FORELDRA OG AÐSTANDENDA

Samtökin '78 hafa um langt skeið átt farsælt samstarf við FAS meðal annars í gegnum fræðsluverkefni sem Menntasvið Reykjavíkurborgar hefur komið að og Próunarsjóður Menntasvið hefur styrkt myndarlega. Þá eru fundir FAS haldnir í félagsmiðstöð Samtakanna '78 og verður svo áfram.

NORÐURLANDSHÓPUR S78N

S78N er hópur samkynhneigðra og tvíkynhneigðra einstaklinga á Akureyri og nágrenni. Hópurinn hittist fyrsta og þriðja fimmtudag í mánuði á Bláu Könnunni um kl. 20:00. Markmið hópsins er að gefa samkynhneigðum og tvíkynhneigðum á Norðurlandi tækifæri til að hittast og auka samheldni þeirra og vera sýnilegt afl á félagssvæðinu og í forsvari þegar málefni samkynhneigðra og tvíkynhneigðra ber á góma.

HINSEGIN DAGAR

Með nýjum lögum Hinsegin daga í Reykjavík árið 2006 var tekin upp sú nýskipan að félög og hreyfingar skipa ekki lengur fulltrúa í stjórn Hinsegin daga eins og áður, heldur eru þeir kosnir persónukosningu á árlegum aðalfundi úr röðum félagsmanna, en allir þeir sem styðja tilgang og markmið Hinsegin daga geta gerst þar félagar. Samtökin '78 áttu engu að síður náð og gott samstarf við Hinsegin daga sem héldu fjölmarga fundi í húsnæði félagsins og einnig nutu Hinsegin dagar þess að nýta húsnæði Samtakanna yfir hátíðisdagana til fundarhalda og þjónustu við starfsfólk hátíðarinnar. Með leyfi Hinsegin daga nýttu Samtökin '78 einnig hátíðina til eigin fjáröflunar og seldu merki félagsins í miðbænum.

KMK

KMK er félagsskapur samkynhneigðra og tvíkynhneigðra kvenna. Markmið félagsins er að bjóða upp á fjölbreytta skemmtidagskrá sem höfðar til kvenna á öllum aldri og eru um 300 konur á póstlista félagsins. Af viðburðum starfsársins má nefna hina árlegu Góugleði, útilegu, bókakvöld og fleira. Heimasíða félagsins ber vitni metnaðarfullu starfi félagsins, www.kmk.is.

STYRMIR

Strákafélagið Styrmir var stofnað árið 2006 í þeim tilgangi að bjóða samkynhneigðum mönnum upp á íþróttastarf. Félagið hefur það að markmiði að bjóða upp á íþróttir þar sem þátttaka er sett ofar sigri og engum meinaður aðgangur að æfingum. Auk þess setja félagar sér það markmið að vera fyrirmyndir frekar en staðalímynndir og telja að með sýnileika þjóni þeir mikilvægu forvarnarstarfi. Félagið býður meðal annars upp á knattspyrnuæfingar tvisvar í viku í íþróttahúsinu Fífunni í Kópavogi. Stærsta verkefni félagsins var að halda alþjóðlegt knattspyrnumót fyrir samkynhneigða sem fór fram um páskana 2009. Strákafélagið Styrmir varð formlega aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur og þ.a.l. aðildarfélag að ÍSÍ. Mun þetta vera fyrsta íþróttafélag samkynhneigðra sem starfað hefur innan ÍSÍ. Sunddeild var stofnuð undir merkjum Styrmis haustið 2008 og hefur aðsókn að sundæfingum félagsins vaxið mikið. Styrmispiltar og -stúlkur hittust nú þrisvar í viku og æfa stíft fyrir þáttöku í Gay Games sem fram fer í Köln nú

í sumar. Blakdeild var ennfremur sett á fót nú í veturog er spilað blak tvisvar í viku í íþróttahúsi Austurbæjarskóla. Til marks um blómlega starfsemi Styrmis má nefna að félagið stefnir á að senda um 50 keppendur til þáttöku í Köln í sumar.

LES JUNGLES

Sumarið 2008 stofnuðu nokkrar stelpur knattspyrnuhóp undir merkjum Lez Jungle. Stelpurnar hittast nú á hverjum fimmtudegi kl. 19 í Sporthúsinu í Kópavogi og spila fótbolta. Allar stelpur eru velkomnar án til-lits til getu. Heimasíða félagsins er www.lez-jungle.com.

MSC ÍSLAND

MSC Ísland var stofnað árið 1985 og hafði þar erlenda vélhjóla klúbba að fyrirmynd. Félagið er skemmtifélag karlman-na og starfar óháð Samtökunum '78. MSC fluttist á haustmánuðum 2008 í nýrra og betra húsnæði að Laugarvegi og hefur starfsemi félagsins eftir það tekið stakkaskiptum og aðsókn margfaldast. Starfsemi MSC hefur eflst enn á því starfsári sem nú er að líða og skipar félagsheimili félagsins mikilvægan sess í skemmtanalífi fjölmargra hinsegin stráka.

Q-FÉLAG HINSEGIN STÚDENTA

Q – félag hinsegin stúdenta kom aftur „heim“ á því starfsári sem nú er að líða. Félagið hefur nú fast aðsetur í félagsheimili Samtakanna '78 og heldur opið hús sérhverft föstudagskvöld í Regnbogasal Samtakanna. Aðsókn hefur verið mjög góð að þessum kvöldum. Q – félagið stóð fyrir metnaðarfullri dagskrá í Háskóla Ísland síðast liðið haust undir formerkjunum, „Hvað er trans í Háskóla Íslands?“ Um var að ræða málstofur um transgender málefni auk kynningar á því hvað það er að vera transgender. Óhætt er að segja að þetta framtak vakti mikla athygli og tókst vel upp í alla staði. Í upphafi árs 2010 héldu Q-liðar fjáröflunarboll á Batteríinu sem var sérstaklega glæsilegt. Flott dagskrá og veglegir happdrættisvinningar gerðu það að verkum að ballgestir gleyma seint þessu skemmtilega kvöldi.

HINSEGIN BÍÓDAGAR


Hinsegin bíó dagar voru haldnir í þriðja sinn í Reykjavík og annað árið í röð í samstarfi við RIFF, Reykjavík Interntaional Film Festival. Hinsegin bíó dagar skipa mikilvægan sess í menningarlífi hinsegin fólks og á þeim gefst fólki tækifæri til að sjá kvikmyndir sem annars myndu ekki rata í kvikmyndahús borgarinnar. Samtökin '78 hafa lagt hátíðinni lið með því að kynna hana fyrir félagsmönnum Samtakanna '78 auk þess sem félagið styrkti sendingu á kynningarbæklingi fyrir Hinsegin Bíódagana.

Reikningar Samtakanna '78

fyrir árið 2009

Lagðir fram á aðalfundi félagsins þann 20. mars 2010
 Rektrar- og efnahagsreikningur gerður samkvæmt fylgisljóðum,
 dagbókarfærslum og samhljóðandi reikningsyfirlitum banka.

Íslandsbanka 0513-26-000078.....
 Íslandsbanka 0513-14-100775
 Íslandsbanka 0513-14-102659
 Íslandsbanka 0513-14-102666
 Íslandsbanka 0513-14-102680
 Landsbankinn 30380
 Íslandsbanka 0513-14-400474
 Íslandsbanka 0513-14-400484
 Íslandsbanka 0513-14-401951
 Íslandsbanka 0513-14-400441




Frosti Jónsson, formaður




Guðrún Oskarsdóttir, gjaldkeri

Reykjavík, 15. mars. 2010

Reikningar Samtakana '78 fyrir árið 2009 hafa verið
 skoðaðir og er bankainnistæða fyrir hendi.
 Samleiðis eru fylgiskjöl og færslur dagbókar réttar.
 Færslur eru samhljóða reikningsyfirlitum banka og viðskiptafærslum.



Svavar G. Jónsson, félagslegur skoðunarmaður reikninga



Sigurjón Guðmundsson, félagslegur skoðunarmaður reikninga

Rekstrarreikningur ársins 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrartekjur			
Tekjur		2.598.864	2.840.586
Styrkir og gjafir til félagsins		11.976.624	15.363.665
Aðrar rekstrartekjur		1.879.598	2.894.951
		<u>16.455.086</u>	<u>21.099.202</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð félagsmiðstöðvar		2.064.056	1.594.051
Laun og tengd gjöld		8.329.288	10.019.595
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		1.970.638	3.206.054
Bókasafnskostnaður		262.931	594.096
Fasteignakostnaður		1.215.665	1.425.916
Menningar- og fræðslukostnaður		979.639	5.658.978
		<u>14.822.217</u>	<u>22.498.690</u>
Rekstrarhagnaður (tap)		1.632.869	(1.399.488)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur		8.744	132.800
Vaxtagjöld og verðbætur		(1.812.407)	(4.610.112)
		<u>(1.803.663)</u>	<u>(4.477.312)</u>
Hagnaður (tap)		<u>(170.794)</u>	<u>(5.876.800)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

Skýr. 31.12.2009 31.12.2008

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteign að Laugavegi 3 25.160.000 26.470.000

Fastafjármunir 25.160.000 26.470.000

Veltufjármunir

Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur 102.773 131.549

Valitor hf 265.200 316.550

Borgun hf 94.429 118.406

Viðskiptanetið 93.500 93.500

Maestro 47.900 73.200

Visa Electron 174.390 0

Fjármagnstekjuskattur 14.022 0

Fyrirframgreiddur kostnaður 22.644 76.000

814.858 809.205

Handbært fé

Íslandsbanki 0513-26-000078..... (459.635) (428.764)

Íslandsbanki 0513-14-100775 0 56.502

Íslandsbanki 0513-14-102659 0 17.612

Íslandsbanki 0513-14-102666 0 660

Íslandsbanki 0513-14-102680 0 7.626

Íslandsbanki 0513-26-17878 40.632 0

Landsbankinn 0101 26 30380 762.753 43.091

Íslandsbanki 0513-14-400474 698 0

Íslandsbanki 0513-14-400484 751 0

Íslandsbanki 0513-14-401951 22.122 0

Íslandsbanki 0513-14-400441 65 0

Sjóður 124.400 295.758

491.786 (7.515)

Veltufjármunir 1.306.644 801.690

Eignir 26.466.644 27.271.690

31. desember 2009

Eigið fé og skuldir			
	Skýr.	31.12.2009	31.12.2008
Eigið fé			
Flutt frá fyrra ári		14.324.846	20.201.646
Hækkun/lækkun fasteignaverðs		(1.310.000)	0
Gjöld um framtekjur		(170.794)	(5.876.800)
Eigið fé		<u>12.844.052</u>	<u>14.324.846</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldabréf í Íslandsbanka nr. 968082		7.109.095	6.578.821
Skuldabréf í Íslandsbanka nr. 509600		5.509.554	5.411.022
		<u>12.618.649</u>	<u>11.989.843</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreiddur virðisaukaskattur.....			(343.195)
Ógreitt vegna starfsmanna.....		630.309	962.922
Viðskiptaskuldir		373.634	337.274
		<u>1.003.943</u>	<u>957.001</u>
Skuldir		<u>13.622.592</u>	<u>12.946.844</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>26.466.644</u></u>	<u><u>27.271.690</u></u>

Sundurliðanir

	2009	2008
Tekjur		
Félagsheimili	1.179.114	1.080.879
Bókasafn	109.050	153.327
Varningur, skrautmunir	500	19.600
Styrktarmerki Samtakanna '78	45.700	348.200
Aðrar tekjur félagsmiðstöðvar	2.500	10.480
Félagsgjöld ársins	1.198.000	1.192.100
Fyrirfram greidd félagsgjöld næsta árs	7.000	0
Sérframlög félagsmanna	57.000	36.000
	<u>2.598.864</u>	<u>2.840.586</u>
Styrkir og gjafir til félagsins		
Stykur fjárlaganefndar Alþingis	6.500.000	6.500.000
Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar	1.000.000	1.500.000
Stykur v/ stöðu fræðslufulltrúa	2.000.000	2.000.000
Þróunarsjóður menntasviðs Reykjavíkur	1.750.000	1.650.000
Stykur frá Reykjavíkurborg	100.000	0
Stykur v/jafningjafræðslu	0	22.000
Þjónustusamningar og fundir	240.270	1.346.000
Stykur til bókasafnsins	0	150.000
Aðrir styrkir og gjafir	386.354	2.195.665
	<u>11.976.624</u>	<u>15.363.665</u>
Aðrar tekjur		
Fræðslufundir	0	101.065
Dansleikir og skemmtanahald	1.179.870	1.166.050
Bingó	360.700	251.100
Auglýsingatekjur	0	867.799
Útleiga á sal	53.351	37.867
17 júní sala	235.677	0
Aðrar tekjur	50.000	471.070
	<u>1.879.598</u>	<u>2.894.951</u>
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld		
Laun starfsmanna	6.821.110	8.360.487
Mótframlag í lífeyrirssjóði	588.864	793.473
Framlag í Endurhæfingasjóð	5.584	2.768
Tryggingagjald	443.252	496.443
Stéttafélagsgjöld	94.019	126.958
Bifreiðastyrkur	22.319	42.387
Kaffikostnaður	3.140	37.079
Annar starfsmannakostnaður	351.000	160.000
	<u>8.329.288</u>	<u>10.019.595</u>

Sundurliðanir

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Pappír, prentun og ritföng	350.655	636.885
Sími og net	366.488	411.090
Gjaldfærð áhöld	0	142.815
Ferðakostnaður	0	74.619
Hugbúnaðarleiga/bókhaldskerfi	81.101	90.871
Burðargjöld	123.483	727.906
Kostnaður vegna félagsskírteini	0	70.963
Tæki og viðhald	0	54.240
Tölvukostnaður	8.512	230.107
Ársreikn. og skattframtal vegna Nýrra Sýnar	0	21.400
Bókhald	0	150.000
Endurgr.bifreiðakostnaður	0	100.266
Risna og gjafir til viðskiptavina	0	60.000
Tryggingar	0	29.226
Posaleiga	107.185	122.422
Kostnaður vegna vefsíðu	37.793	69.337
Visa/Euro þókun	41.916	51.978
Ýmislegt	404.755	41.644
Gjafir og styrkir	30.000	120.285
Afleysingar	87.500	0
Lögfræðipjónusta	331.250	0
	<u>1.970.638</u>	<u>3.206.054</u>

Kostnaður félagsmiðstöðvar

Innkaup	1.064.159	806.797
Varningur, jólakort og skrautmunir	156.915	44.198
Ræsting og ræstivörur	570.988	439.507
Umsjón með Regnbogasal	255.000	263.300
Annar kostnaður félagsmiðstöðvar	16.994	40.249
	<u>2.064.056</u>	<u>1.594.051</u>

Bókasafnskostnaður

Bækur	59.783	73.370
Myndbönd	32.244	123.231
Tæki og viðhald (bókamiðaprentari)	65.238	14.318
Bókasafnforritið Gegnir	105.666	88.938
Afleiðsluborð og fleira	0	294.239
	<u>262.931</u>	<u>594.096</u>

Fasteignakostnaður

Fasteignagjöld	506.844	496.047
Rafmagn og hiti	119.734	138.845
Annar kostnaður fasteigna	25.481	12.795
Öryggisgæsla	174.753	110.800
Viðhald húsnæðis	65.720	432.744
Tryggingar	131.787	60.141
Hússjóður	191.346	174.544
	<u>1.215.665</u>	<u>1.425.916</u>

Sundurliðanir

Menningar- og fræðslukostnaður

Ráðgjöf	116.000	149.460
Útgáfa	0	3.568.945
Trúnaðarráðfundir	30.499	11.850
Fræðslufundir/fyrirlestrar	128.706	255.389
Annar fundakostnaður	61.610	276.345
Afmælishátið Samtakana '78	37.800	806.896
Dansleikir	276.925	348.731
Bingó	50.000	58.970
Vinnumarkaðsverkefni	0	24.720
Auglýsingar	13.556	89.622
Risna og almannatengsl	0	37.600
Aðkeyptur akstur	36.491	30.450
Jólatréskemmtun v/2008 og 2009	70.000	0
17 júní tjald	158.052	0
	<u>979.639</u>	<u>5.658.978</u>

Aðrar skammtímaskuldir

Posalán	141.600	0
Innkaupakort	144.172	281.200
Ungliðar v/netbókhalda	12.592	12.593
Viðskipaskuldir	75.270	43.481
	<u>373.634</u>	<u>337.274</u>

Ógreitt vegna starfsmanna

Ógreidd laun	313.621	500.861
Ógreitt í lífeyrissjóð	121.789	219.905
Ógreidd staðgreiðsla	120.073	163.903
Ógreitt tryggingagjald	57.232	41.420
Ógreiddir aðrir skattar	10.632	10.000
Ógreidd félagsgjöld	6.962	26.833
	<u>630.309</u>	<u>962.922</u>

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vextir af bankainnistæðum	(8.744)	(132.800)
Vaxtagjöld	142.252	3.437
Vextir af hlaupareikningi	205.982	65.518
Vextir af bankalánum	1.229.325	1.620.632
Vextir til lánaðrottna	61.550	117.188
Verðbætur	504	3.757
Bankakostnaður	63.720	94.822
Gengistap	109.074	2.704.758
	<u>1.803.663</u>	<u>4.477.312</u>



HÖFUNDAR EFNIS

*Lárus Ari Knútsson
Anni G. Haugen
Guðbjörg Ottósdóttir
Sigga Birna Valsdóttir
Haukur Árni Hjartarsson
Þorvaldur Kristinsson
Frosti Jónsson
Guðrún Óskarsdóttir
Hilmar Magnússon
Haukur F. Hannesson
og stjórn Samtakanna '78*



SAMTÖKIN '78 • LAUGAVEGI 3 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 552-7878
www.samtokin78.is • skrifstofa@samtokin78.is